

Nr. 24
22. nóv.

Lög

um

viðauka við lög 11. des. 1891, um samþykktir um kynbætur hesta.

Vjer Christian hinn Tiundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bannað er að láta graðfola eldri en $1\frac{1}{2}$ árs ganga lausa innan um hross á afrjettum eða í heimahögum. Hittist slikur hestur gæslulaus annarsstaðar en í heimalandi eiganda eða geymanda, skal fara með hann sem óskilafje.

Þó er heimilt í samþykkt að gera undantekningar um graðhesta, sem ætlaðir eru eða notaðir til undaneldis, samkvæmt löggiltri samþykkt eftir lögum frá 11. des. 1891, eða í hrossaræktarfjelögum.

2. gr.

Heimilt er í samþykkt samkvæmt lögum frá 11. des. 1891 að ákveða, að eldri graðhesta en $1\frac{1}{2}$ árs, er hittast gæslulausir, samkvæmt 1. gr., og ekki eru ætlaðir eða notaðir til undaneldis, megi gelda á kostnað og ábyrgð eiganda eða geymanda.

3. gr.

Í þeim hreppum, sem hrossaræktarfjelög eru stofnuð í og starfrækt, er heimilt að fela þeim eftirlit það, sem þarf til þess að ákvæðum löggiltrar samþykktar sje gætt, enda hafi slik fjelög sett sjer lög og kosið stjórn og lúti eftirliti Búnaðarfjelags Íslands.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 10—100 kr., er renni í sveitar-

sjóð, þar sem brotið er framið, en til hrossaræktarfelaga, þar sem þau eru til Nr. 24
og starfa 22. nóv.

5. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skulu rekin sem almennt
lögreglumál.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 74, 14. nóvember 1917,
um viðauka við lög 11. des. 1891, um samþyktir um kynbætur hesta.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg 22. nóvember 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.